



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason
félagsmálaráðuneyti
Skógarhlíð 6
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. júlí 2020.

Heiðraði félags- og barnamálaráðherra.

Í tilefni frétttaflutnings um að til skoðunar sé af hálfu félagsmálaráðuneytisins og Reykjanesbæjar að setja upp öryggisvistun í Reykjanesbæ fyrir ósakhæfa einstaklinga og þá sem þurfa öryggisgæslu, hefur Mannréttindaskrifstofa Íslands ákveðið að minna á nokkrar þeirra alþjóðlegu mannréttindaskuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist og þá löggjöf sem virða ber til að tryggja mannréttindi þeirra einstaklinga sem slíkri öryggisvistun sæta. Þær skuldbindingar kalla á lágmarkspjónustu og aðstæður sem stjórnvöldum ber að tryggja viðkomandi einstaklingum.

I.

Alþjóðalög og innlent lagaumhverfi.

- A. Fyrst ber að nefna Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um mannréttindi sem allir eiga jafnt tilkall til. Í 5. gr. yfirlýsingarinnar segir m.a. að enginn skuli sæta grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í 25. gr. yfirlýsingarinnar segir og að allir eigi rétt á lífskjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Telst það m.a. til læknishjálp og nauðsynleg félagsleg þjónusta og réttur til öryggis vegna fötlunar eða annars sem skorti veldur og menn geta ekki við gert. Þrátt fyrir að vera ekki lagalega bindandi þá hefur yfirlýsingin verið undirstaða helstu alþjóðasamninga um mannréttindi.
- B. Því næst má nefna Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, en rauði þráðurinn í ákvæðum samningsins er félagslegt öryggi sem er grundvallarforsenda þess að fólk geti lifað sómasamlegu lífi með mannlegri reisn og notið annarra mannréttinda. Á það jafnt við um rétt til fjárhagslegrar aðstoðar, sem rétt til félags- og heilbrigðisþjónustu.
- C. Í 7. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi segir að enginn maður skuli sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
- D. Þá skal getið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en meðal þeirra sem öryggisvistun hafa sætt eða gætu sætt eru einstaklingar sem þrátt fyrir að vera sakhæfir eru ekki



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

dæmdir til fangelsisrefsingar þar sem refsing þykir ekki tæk fötlunar þeirra vegna. Ein meginreglna samningsins er virðing fyrir eðlislægri mannlegri reisn, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga. Í 14. gr. samningsins segir m.a. sé fatlað fólk svipt frelsi með einhverjum hætti skuli aðildarríkin tryggja að því séu tryggð mannréttindi til jafns við aðra í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og það hljóti meðferð sem samræmist markmiðum og meginreglum samningsins, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun. Í 15. gr. samningsins er síðan kveðið á um frelsi frá því að sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannúðlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu og að aðildarríkin skuli gera allar árangursríkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu og innan réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að koma í veg fyrir að fatlað fólk, jafnt og aðrir, sæti pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannúðlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu. Samningurinn inniheldur líka ákvæði um jafnan aðgang að menntun, heilbrigðisþjónustu, þátttöku í menningarlífi, tómstunda- íþrótt og frístundastarfi, hæfingu og endurhæfingu svo eitthvað sé nefnt.

Þó enginn framangreindra samninga hafi verið innleiddur í landslög hefur þó á undanförunum áratugum sú hefð hins vegar skapast að skýra beri landsrétt til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, sé þess nokkur kostur. Þá skal bent á að bæði er vísað til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í lögum um þjónustu við fatlað fólk nr. 38/2018 og réttindagæslulögum nr. 88/2011.

E. Loks skal bent á Mannréttindasáttmála Evrópu en hann var innleiddur í landslög með lögum nr. 62/1994. Í 3. gr. samningsins segir að enginn maður skuli sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Inniheldur samningurinn jafnframt ákvæði um friðhelgi einkalífs, mannhelgi, bann við mismunun o.fl.

Til viðbótar því sem að framan er talið skulu ákvæði landslaga að sjálfsögðu gilda um fatlað fólk jafnt og aðra þjóðfélagsþegna. Ein hin mikilvægustu þeirra eru:

- Lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langavarandi stuðningsþarfir.
- Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Lög nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
- Lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

II.

Um inntak réttinda samkvæmt aljóðalögum og innlendu lagaumhverfi.

A. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf er ein af mikilvægustu undirstöðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem nálgast fötlun út frá mannréttindasjónarmiði og félagslegri sýn. Út frá sjónarhorni mannréttinda á fötlun er fyrst og fremst lögð áhersla á eðlislæga reisn manneskjunnar og skerðingu hennar ef ástæða er til. Manneskjan sjálf er



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

miðpunktur allra ákvarðana sem hafa áhrif á hana. Vandinn sem hún tekst á við er staðsettur í samfélaginu og stafar af vanhæfni stjórnvalda til að bregðast við manngerðum hindrunum og margbreytilegum þörfum fatlaðs fólks. Markmið þessa sjónarhorns er því að skapa samfélög sem eru öllum aðgengileg, án aðgreiningar, mæta fjölbreytileika mannlífsins og virða reisn og jafnrétti allra án mismununar.

Nefndin sem starfar á grundvelli samningsins hefur gefið út leiðbeiningar um rétt fatlaðs fólks til frelsis og öryggis¹. Þar segir m.a. að það samræmist ekki 14. gr. samningsins að vista fatlað fólk, með þroskafrávik eða sálfélagslegar raskanir, í lokuðu úrræði vegna fötlunar þess, jafnvel ekki þó það teljist hættulegt sjálfu sér eða öðrum. Það brjóti einnig gegn gerhæfi einstaklingsins og stangist því einnig á við ákvæði 12. gr. samningsins.

Í leiðbeiningunum segir einnig að það brjóti gegn 14. gr. að telja einstakling óhæfan til að koma fyrir rétt eða óhæfan til að sæta ábyrgð og fangelsisrefsingu fyrir gerðir sínar, því það svipti einstaklinginn rétti til réttlátrar málsmeðferðar og til að njóta þeirra varnagla sem hverjum sakborningi eru opnir. Nefndin leggur til að allir fatlaðir einstaklingar sem sakaðir hafa verið um glæp hafi rétt til að verja sig í opinberu máli fái viðunandi húsnæði og stuðning, bæði til að tryggja réttláta málsmeðferð sem og aðgengi og félagslega þátttöku.

Í leiðbeiningunum er einnig að finna ákvæði um frjálst og upplýst samþykki viðkomandi einstaklinga fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarúrræðum, en þvinguð meðferð, þ. á m. lyfjagjöf, líkamleg eða önnur höft, telst til ómannúðlegrar meðferðar.

- B. Bann við mismunun er grundvallaratriði í allri mannréttindalöggjöf. Því ber þess að gæta að einstaklingar sem sæta öryggisvistun njóti allra þeirra réttinda sem þeim ber, þar á meðal til félagsþjónustu, endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu, félagslegrar þátttöku, og þátttöku í tómstunda- og íþróttastarfi. Í því felst þjónusta fagfólks, svo sem geðlækna, þroskaþjálfara, atferlisfræðinga sem og annarra eftir atvikum.
- C. Auk banns við mismunun, er svokölluð meðalhófsregla sem rauður þráður í gegnum alla mannréttindalöggjöf. Í henni felst að takmörkun réttinda má ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að markmiðið náist. Þannig þarf að finna viðeigandi jafnvægi milli öndverðra hagsmuna og tryggja að takmarkanir á réttindum séu ekki úr hófi miðað við þau réttmætu markmið og hagsmuni sem þær stefna að.

Í því ljósi verður að telja það brjóta í bága við meðalhófsreglu að flytja einstakling úr því umhverfi þar sem hann er hagvanur, svo sem milli sveitarfélaga til að sæta öryggisvistun. Það þýðir meðal annars aukna hættu á að einstaklingurinn fái ekki notið sinna félagslegu og menningarlegu réttinda, svo sem að umgangast vini og vandamenn daglega eða oft á dag, án fyrirhafnar og aukins tilkostnaðar eða að stunda íþróttir eða aðrar tómstundir sem hann hefur áhuga á. Einnig verður að telja að fólk missi mannlega reisn sé það flutt af heimili/dvalarstað sínum án þess að sjálfræði þess og réttur til ákvarðanatöku í eigin málum sé virt. Ekki verður annað séð en í því felist refsing í sjálfu sér. Í mati á úrræðum til öryggisvistunar er þess vegna rétt að hafa í huga hvort tryggt sé

¹ https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=A/72/55&Lang=en



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

að sambærileg þjónusta bjóðist og mögulegt sé að koma í veg fyrir missi félagslegra tengsla áður en gengið er til samninga.

Framangreint er ekki tæmandi talning eða yfirlit en er ætlað til leiðbeiningar og umhugsunar við undirbúning og val á úrræði við hæfi þeirra sem teljast ósakhæfir eða refsing þykir ekki skila árangri vegna fötlunar þeirra eða andlegs ástands.

Að lokum hvetur MRSÍ til þess að valfrjáls viðauki við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði fullgilt svo skjótt sem unnt er en þingsályktun þess efnis var samþykkt einróma á Alþingi þann 20. september 2016 og átti fullgildingin að hafa átt sér stað ekki síðar en í árslok 2017.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri